



Stefnumótun

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

í íþróttamálum




MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is
www.menntamalaraduneyti.is


Textavinnsla: Mennta- menningarmálaráðuneyti
Hönnun og umbrot: Mennta- menningarmálaráðuneyti
Prentun: Prentmet

© 2011 Mennta- menningarmálaráðuneyti
September 2011
ISBN 978-9935-436-02-3



Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum





Efnisyfirlit

Inngangur	6
Markmið	7
Umhverfi og skipulag íþrótta	9
Íþróttir barna og unglunga í skólastarfi	11
Þátttaka barna og unglunga í íþróttastarfi	13
Menntun og rannsóknir	15
Keppnis- og afreksíþróttir	17
Almenningsíþróttir	19
Íþróttamannvirki	21
Lyfjaeftirlit	23

Inngangur

Stefna ríkisins í íþróttamálum kemur fram m.a. í íþróttalögum, framlögum á fjárlögum til íþróttamála og áherslum mennta- og menningarmálaráðherra hverju sinni. Stefna í íþróttamálum er sameiginleg stefnumótun þeirra aðila sem bera ábyrgð á málaflokknum sem eru ríkið, sveitarfélögin og íþróttahreyfingin. Stefna ríkisins í íþróttamálum byggist á því grundvallarsjónarmiði að almennt íþróttastarf á Íslandi skuli skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Þar er vísað til Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, sérsambanda, íþróttahéraða, íþróttafélaga og deilda um land allt. Stór hluti landsmanna tekur þátt í þessu starfi á einn eða annan hátt. Hún tekur jafnframt á öllum helstu þáttum íþróttá í félagastarfi og hvernig opinberir aðilar og atvinnulíf geti stutt við það starf. Þá er lögð sérstök áhersla á að auka hreyfingu barna og unglinga á öllum skólastigum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á nauðsyn þess að bæta lífsstíl fólks og gegnir skólakerfið þar af leiðandi hlutverki í að hafa áhrif á hreyfingu og þekkingu á gildi íþróttá.

Við mótun stefnunnar var horft til framtíðar og tekið mið af því sem áunnist hefur á undanförunum árum. Sett eru fram skýr markmið og bent á leiðir til að framfylgja þeim. Stefna þessi gildir frá 2010 – 2015 og verður hún þá endurmetin.

Markmið

Stefna ráðuneytisins í íþróttamálum tekur mið af þeim lagaskyldum sem ríkið hefur samkvæmt íþróttalögum og alþjóðalögum og samningum sem tengjast málefnum stofnana og frjálsra félagasamtaka sem fara með íþróttamál í landinu. Unnið skal að eftirfarandi markmiðum:

- » Umhverfi og skipulag íþróttastarfs í landinu verði bætt og því skipaður verðugur sess í íslensku þjóðlífi.
- » Almenningsíþróttir verði eflar og landsmenn taki aukinn þátt í íþróttum og almennri hreyfingu
- » Íþróttaiðkun barna og unglunga í skóla og frjálsu félagastarfi íþróttahreyfingarinnar verði efla.
- » Keppnis- og afreksíþróttir verði eflar.
- » Að sem flestir hafi tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga.
- » Menntun og rannsóknir á sviði íþróttufræða verði eflar.
- » Íslenskt íþróttalíf verði ávallt laust við lyfjamisnotkun.
- » Uppbygging íþróttastarfs, hvort sem um er að ræða æfingar eða keppnir taki mið af því að allir hafi sömu tækifæri til þátttöku.

Til að fylgja þessari stefnu eftir eru sett fram markmið, undirmarkmið, leiðir og ábyrgðaraðilar með hverjum málaflokki fyrir sig. Lagt er til að fylgst verði með framvindu íþróttastefnunnar með úttektum, rannsóknum og tölfræðilegum mælingum eftir því sem við á.



Umhverfi og skipulag íþróttar

Í íþróttalögum segir að íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsum framtaki landsmanna. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Mikilvægt er að umhverfi til íþróttaiðkunar og skipulag íþróttá Íslandi sé í sífelldri þróun. Aukin þátttaka landsmanna í íþróttastarfi, jafnt keppnisíþróttum sem almenningsíþróttum þarfnast aðkomu ríkis, sveitarfélaga sem og atvinnulífs.

Leiðir:

- » Starfsgrundvöllur íþróttasamtaka og íþróttafélaga verði styrktur enn frekar.
- » Aðilar sem starfa að íþróttum í landinu auki samstarf og samráð sín í milli.
- » Hlutverk íþróttahéraða verði skilgreint að nýju og starfsemi þeirra styrkt.
- » Unnið verði að því að einfalda rekstrarumhverfi íþróttafélaga.
- » Fleiri ráðuneyti og stofnanir komi að málaflokki íþróttá í ljósi þess að hér er m.a. um að ræða forvarnarmál og heilbrigðismál.
- » Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetji íþróttahreyfinguna og sveitarfélög til að standa fyrir sérstökum hvatningarverðlaunum fyrir þau börn og ungmenni sem tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og íþróttaiðkun.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin og sveitarfélög.

Mat: Meta hvernig framlög til íþróttamála nýtast.



Íþróttir barna og unglunga í skólastarfi

Hreyfing er mikilvægur þáttur í þroska hvers einstaklings og leggja þarf áherslu á hreyfingu og hreyfiuppeldi til að stuðla að líkamlegri sem og andlegri heilsu barna og unglunga. Til að sporna við afleiðingum af kyrrsetu er nauðsynlegt að efla enn frekar fræðslu um mikilvægi hreyfingar, forvarnir og fyrirbyggjandi starf meðal barna og unglunga á öllum skólastigum. Grunnskólar landsins eru afar mikilvægir vegna sérstöðu sinnar sem uppeldisstofnun í nútíma þjóðfélagi.

Leiðir:

- » Hreyfistundir séu eðlilegur hluti af starfsemi leikskóla.
- » Fjölgað verði tímum sem tengjast heilsuefningu og/eða íþróttum í grunn- og framhaldsskólum.
- » Tryggt verði að skólar uppfylli skyldur sínar í samræmi við námskrá með fjölda íþróttatíma.
- » Skólalóðir verði hannaðar með tilliti til hreyfingar.
- » Hvatt verði til hreyfingar og leikja utandyra í hverjum skóla.
- » Vitund og ábyrgð skólastjórnenda á mikilvægi hreyfingar verði eflid.
- » Samstarf skóla og íþróttafélaga verði aukið með það að markmiði að ungmenni geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur.
- » Aukin áhersla verði lögð á að kenna börnum og ungmönnum gildi heilbrigðs lífsstíls.
- » Skólar verði hvattir til að gera tilraunir með skipulagða hreyfingu og leiki í frímínútum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.

Mat: Úttektir á framkvæmd íþróttakennslu á öllum skólastigum verði gerðar. Gerðar verði fræðilegar úttektir og fylgst með heilsufari leik- og grunnskólabarna og framhaldsskólanema og áhrif aukinnar útiveru og hreyfingar mæld.



Páttaka barna og unglunga í íþróttastarfi

Íþróttastarf barna og unglinga er ein mikilvægasta starfsemin í þágu barna og unglinga í samfélaginu. Tryggja þarf að öll börn og unglingar eigi kost á því að stunda íþróttir við sem hagstæðust skilyrði og taka þátt í frjálsri hreyfingu utan skólatíma. Áhersla skal lögð á að hvetja bæði kynin til þátttöku í íþróttum.

Forvarnargildi íþróttanna er mikið og því nauðsynlegt að efla slíkt starf enn frekar.

Leiðir:

- » Framboð af íþróttagreinum fyrir ungt fólk verði sem fjölbreyttast. Slíkt verði annars vegar tryggt með nægu framboði greina innan íþróttafélaga og hins vegar með samvinnu íþróttafélaga innan hverfa og sveitarfélaga.
- » Þeim ungmönnum sem ekki hafa áhuga á skipulögðum keppnisíþróttum verði gert kleift að stunda annars konar íþróttir.
- » Íþróttafélög aðstoði þjálfara sína við að auka við menntun og þekkingu.
- » Börnum og ungmönnum verði tryggð jöfn tækifæri til að iðka íþróttir.
- » Samstarf skóla og íþróttafélaga verði aukið með það að markmiði að ungmenni geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur.
- » Sér samböndum gert kleift að vinna að fræðslu og útbreiðslu íþróttanna hjá báðum kynjum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin, sveitarfélög.

Mat: Reglulegar kannanir ÍSÍ á þátttöku í íþróttum. Skrásetning menntunarstígs þjálfara.



Menntun og rannsóknir

Hlutverk háskólasamfélagsins er að mennta sérfræðinga á viðkomandi fræðasviðum og stuðla að aukinni þekkingarsköpun og framþróun með rannsókn- og vísindastarfi. Mikilvægt er að háskólasamfélagið á sviði íþróttافرæða standi vörð um að auka fagmennsku íþróttakennara, þjálfara og annarra sem starfa við íþrótt- og æskulýðsstörf. Samhliða er áriðandi að styrkja rannsóknir og þróun á sviði íþróttافرæða.

Leiðir:

- » Samstarf íþróttahreyfingar og háskóla um menntun og rannsóknir verði aukið.
- » Komið verði á fót samstarfsnefnd háskólasamfélagsins og íþróttahreyfingarinnar um málefni sem tengjast faglegri umsjón afreksíþróttafólks.
- » Framboð og gæði þjálfaramenntunar verði aukið enn frekar
- » Rannsóknir á sviði íþróttافرæða verði eflar og miðstöð um íþróttarannsóknir verði formlega stofnuð.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin og háskólar.

Mat: Fjöldi rannsóknar- og þróunarverkefna.



Keppnis- og afreksíþróttir

Keppni er hluti af íþróttastarfi. Nauðsynlegt er að keppni hafi hvetjandi og jákvæð áhrif á börn og unglinga og að þau eigi sér fyrirmyndir í hópi afreksíþróttafólks. Keppni getur verið góð leið til að kynnst velgengni og ekki síður til að læra að taka mótlæti. Afreksíþróttir hafa í gegnum tíðina skipað veglegan sess meðal landsmanna og afreksíþróttafólk verið góð landkynning á erlendri grundu.

Leiðir:

- » Atvinnulífið verði hvatt til þess að axla enn frekar samfélagslega ábyrgð með stuðningi við afreksíþróttastarf í landinu.
- » Stuðningur skólakerfisins við afreksíþróttir verði aukinn og í því samhengi verði íþróttæfingar, keppnir og íþróttafrek metin til námseininga í skólakerfinu.
- » Veitt verði peningaverðlaun fyrir árangur á heimsmeikvarða, líkt og þekkist hjá öðrum Evrópuþjóðum.
- » Stutt verði fjárhagslega við Afrekssjóð ÍSÍ og umfang hans aukið í takt við verðlagspróun og kostnað við afreksíþróttastarf sérsambanda og ÍSÍ .
- » Sérsamböndin verði studd áfram fjárhagslega af ríkinu.
- » Sérsamböndum verði gert fjárhagslega auðveldara að halda úti landsliðum og taka þátt í alþjóðastarfi sem fulltrúar Íslands.
- » Ferðasjóður íþróttafélaga verði eflur enn frekar.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin og sveitarfélög.

Mat: Árangur íþróttafólks í alþjóðlegum samanburði. Mat á rekstri og rekstrarafkomu afreksíþróttaeininga/félaga. Úttekt á starfsemi sérsambanda.



Almenningsíþróttir

Íþróttaiðkun almennings er einn af lykilþáttum sem geta haft áhrif á lífsstíl fólks í átt til heilbrigðara lífennis. Mikilvægt er því að tryggja góða aðstöðu til íþróttaiðkunar almennings og ekki síður að tryggja að gott framboð sé af fjölbreyttri hreyfingu sem hægt er að leggja stund á fyrir alla aldurshópa. Samvinnu margra aðila þarf til þess að efla jákvætt viðhorf til heilsutengdrar þjálfunar.

Leiðir:

- » Sveitar- og íþróttafélög auki aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum og fjölgji tilboðum um íþróttir, hreyfingu og útivist.
- » Aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum verði aukið og tilboðum um íþróttir, hreyfingu og útivist fjölgað.
- » Stutt verði við almenningsíþróttaverkefni sem stuðla að heilbrigði þjóðarinnar.
- » Atvinnurekendur og forsvarsmenn launþega verði þátttakendur í að hvetja til heilbrigðs lífsstíls meðal þjóðarinnar.
- » Við skipulag vinnustaða verði gert ráð fyrir reiðhjólageymslu, sturtum og búningaástöðu.
- » Stuðlað verði að auknu svigrúmi fyrir launþega til að hafa hreyfingu sem hluta af vinnudegi.

Ábyrgð: Ríki, sveitarfélög, atvinnulífið og íþróttahreyfingin.

Mat: Kanna framboð á hreyfingu til almennings á tveggja til fjögurra ára fresti. Gera úttekt á aðstöðu til útvistar og nýtingu á mannvirkjum hjá sveitarfélögum. Gera könnun á hreyfingu almennings með reglulegu millibili.



Íþróttamannvirki

Sveitarfélög hafa byggt upp flest af þeim íþróttamannvirkjum sem risið hafa undanfarin ár hvert á sínu svæði.

Ríkið hefur stutt um land allt við uppbyggingu þeirra mannvirkja sem nýtt hafa verið á landsvísu. Mikilvægt er að halda uppbyggingu áfram þar sem þörf er á og einnig að skapa samráðsvettvang til þess að sú uppbygging verði markviss.

Leiðir:

- » Uppbygging íþróttamannvirkja taki mið af nýtingu þeirra fyrir skóla, íþróttafélög og almenning.
- » Íþróttamannvirki verði skilgreind út frá þeim kröfum sem gerðar eru til alþjóðlegrar keppni í þeim íþróttagreinum sem Íslendingar eiga möguleika á að ná árangri í á alþjóðavettvangi með það að markmiði að nýta fjármuni betur.
- » Í skipulagsvinnu sveitarfélaga á svæðum og umferðarleiðum verði gert ráð fyrir reiðhjóla- og göngustígum og grænum svæðum til útivistar og leikja fyrir börn og fullorðna.
- » Skólalóðir verði hannaðar í takt við tíðaranda og gerðar aðlaðandi.
- » Aðgangur barna og ungmenna að leiksvæðum og íþróttamannvirkjum þar sem hægt er að stunda hreyfingu og íþróttir verði tryggður. Hverfi verði skipulögð með þetta í huga.
- » Mótuð verði stefna um þjóðarleikvanga.

Ábyrgð: Ríki, sveitarfélög og íþróttahreyfingin.

Mat: Úttektir á mannvirkjum, vottun mannvirkja, skráning mannvirkja.



Lyfjaeftirlit

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands bera sameiginlega ábyrgð á lyfjaeftirliti í íþróttum. Í gildi eru alþjóðlegir samningar um lyfjaeftirlit sem Ísland er aðili að. Þessir samningar eru lyfjaeftirlitssamningur Evrópuráðsins frá árinu 1991 og UNESCO samningurinn um lyfjaeftirlit frá árinu 2007. Alþjóða lyfjaeftirlitsstofnunin (World Anti Doping Agency, WADA) samhæfir lyfjaeftirlitsreglur á heimsvísu.

Notkun ólöglegra efna getur verið lífshættuleg og valdið varanlegum heilsufarslegum skaða. Auka þarf forvarnar- og fræðslustarf fyrir þá hópa sem eru í mestri áhættu bæði innan og utan íþróttahreyfingarinnar til að tryggja að íslenskt íþróttalíf verði ávallt laust við lyfjamisnotkun.

Leiðir:

- » Lagalegur grundvöllur lyfjaeftirlits verði styrktur.
- » Aukin áhersla verði lögð á fræðslu- og forvarnarstarf
- » Mennta- og menningarmálaráðuneyti og ÍSÍ tryggi að lyfjaeftirlit sé skipulagt og framkvæmt í samræmi við alþjóðasamninga.
- » Lyfjaeftirlit nái einnig yfir íþróttastarf sem er utan vébanda ÍSÍ.
- » Formlegu samstarfi eða samvinnu verði komið á milli ráðuneyta og stofnana sem hafa með lyfjamál að gera (lögregluembætti, tollur, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og ÍSÍ).
- » Stofnuð verði sjálfseignarstofnum með aðkomu ríkisins og íþróttahreyfingarinnar, sem sjái um lyfjaeftirlit á Íslandi og verkefni tengd því.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og ÍSÍ

Mat: Fjöldi lyfjaprófa og hlutfall fólks sem fellur á lyfjaprófi, fræðsluerindi, mat á áhrifum lagabreytinga. Mat á því hvernig framkvæmd og starf nefndarinnar er m.t.t. Alþjóðalyfjaeftirlitsreglnanna, (WADA Code).



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ